

ÁRANGURSSTJÓRNUNARSAMNINGUR

milli umhverfisráðuneytis og Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn.

I. Tilgangur

Með samningi þessum er kveðið á um gagnkvæmar skyldur umhverfisráðuneytis og Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn (RAMÝ) við útfærslu á lögbundnu hlutverki stofnunarinnar. Tilgangurinn er að festa í sessi ákveðið samskiptaferli milli ráðuneytisins og stofnunarinnar ásamt því að leggja grunn að áætlanagerð og mati á árangri af starfsemi hennar. Með áætlunum sem samkomulagið kveður á um er mótuð stefna til næstu ára. Þessar áætlanir eru stefnumörkun Náttúrurannsóknastöðvarinnar, verkefnaáætlun og rekstraráætlun.

Samningurinn breytir í engu ábyrgð ráðherra gagnvart Alþingi á rekstri stofnunarinnar eða þeim skyldum sem stofnunin hefur samkvæmt lögum. Þá ber stjórnvaldsábyrgð ráðherra með sér að hann getur fellt samninginn úr gildi ef ekki er staðið við ákvæði hans.

II. Hlutverk Náttúrurannsóknastöðvarinnar

Náttúrurannsóknarstöðin við Mývatn er ríkisstofnun undir yfirstjórn umhverfisráðherra. Stofnunin starfar eftir lögum nr. 97/2004.

Verkefni Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn samkvæmt lögum er að stunda rannsóknir á náttúru og lífríki Mývatns og Laxár.

III. Markmið og áherslur

Stefna og markmið Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn eru skilgreind í fylgiskjali sem nefnist "Stefnumörkun 2011-2014" og er hluti af samningi þessum.

Einnig er meðfylgjandi fylgiskjal sem nefnist "Verkefnaáætlun Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn 2011". Þar eru settir fram mælikvarðar sem mæla árangur verkefna RAMÝ. Skjal þetta mun taka breytingum á hverju ári í samræmi við þróun þá sem leiðir af framkvæmd og eftirfylgni markmiðanna.

IV. Ábyrgð og skyldur Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn

RAMÝ skal annast þau verkefni sem stofnuninni eru falin skv. lögum og reglugerðum.

Fjármálastjórn Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn skal vera í samræmi við verklagsreglur fjármálaráðuneytisins um framkvæmd fjárlaga, rekstur og stjórnun ríkisstofnana í A-hluta, svo og ákvæði laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins.

RAMÝ skuldbindur sig til að haga rekstri sínum þannig að útgjöld séu innan fjárheimilda og fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

RAMÝ skal gera áætlun um rekstur sinn og viðfangsefni fyrir eitt ár í senn.

RAMÝ skal 1. desember ár hvert skila ráðuneytinu ársáætlun fyrir næsta ár sem innihaldi bæði rekstraráætlun, verkefnaáætlun og tiltekin markmið og mælikvarða innan ársins á grundvelli langtímaáætlunar.

Stofnunin skal í upphafi árs skila inn niðurstöðu verkefnaáætlunar liðins árs og gera grein fyrir hvernig stofnuninni gekk að ná þeim markmiðum sem sett voru fyrir undangengið ár. Þar skal koma fram mat á starfseminni í heild og gefin heildstæð mynd af árangri, einnig komi fram samanburður á settum markmiðum og árangri.

RAMÝ vinnur að jafnri stöðu kynjanna í starfi sínu.

V. Ábyrgð og skyldur ráðuneytis.

Umhverfissráðuneytið skal kynna Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn tímanlega nýmæli og breytingar á lögum og reglum sem varða starfsemi stofnunarinnar og hafa samráð um mat á kostnaði vegna slíkra breytinga.

Ráðuneytið leggur mat á árangur Náttúrurannsóknastöðvarinnar um framkvæmd þeirra verkefna sem samningurinn kveður á um. Mat þetta skal liggja fyrir eigi síðar en mánuði eftir að stofnunin hefur skilað inn gögnum fyrir undangengið ár.

Stefnt skal að árlegum fundi með forstöðumanni Náttúrurannsóknastöðvarinnar um málefni sem varða forstöðumann sérstaklega.

VI. Gagnkvæmar skyldur


Mikilvægt er að fjárveitingar til starfseminnar séu nægjanlegar til að stofnunin geti sinnt skyldum sínum, þróað starfsemina og búið við góða starfsaðstöðu. Í sameiningu munu samningsaðilar vinna að því að styrkja fjárhagslegan grundvöll stofnunarinnar.

VII. Gildistími og endurskoðun samnings

Samningurinn tekur gildi við undirritun. Hvor aðili um sig getur óskað eftir endurskoðun samningsins.

Samningur þessu er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu.

Reykjavík, 21. desember 2010.



Svandís Svavarsdóttir
umhverfissráðherra



Arni Einarsson
forstöðumaður